

Miðvikudaginn 15. janúar 1947.

Nr. 49/1946. Réttvísir (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Guðbrandi Einari Hlíðar
(Hrl. Einar Arnórsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Landráð.

Dómur hæstaréttar.

Bandaríki Norður-Ameríku fóru samkvæmt samningi frá 10. júlí 1941 með hvernd Íslands á þeim tíma, febrúar—apríl 1944, þegar ákærði játaðist undir að fremja njósnir á Íslandi og aðstoða aðra menn við þær. Á þessum tíma höfðu Bandaríkin gerzt styrjaldaraðili, og mátti því telja ófrið vofa yfir Íslandi, þótt það land væri ekki þátttakandi í styrjöldinni. Fræðsla, er veitt væri óvinaríki Bandaríkjanna um hervarnir þeirra á Íslandi, miðaði þess vegna að því að veikja viðnámsþrótt íslenzka ríkisins. Loforð ákærða um að framkvæma slíkar njósnir og aðstoða aðra menn við þær varðar því, þótt ekki kæmi til efnda þess, við 2. mgr. 89. gr. laga nr. 19/1940 auk 93. gr. sömu laga. Högum ákærða var þannig háttað, er hann gaf framangreint loforð, að hann mátti búast við harðræðum, ef hann synjaði. Leiðir þetta til þess, að refsingu hans ber að ákveða með hliðsjón af 6. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940, en hins vegar verður ekki lögð til grundvallar sú staðhæfing hans, að hann hafi gefið loforðið, án þess að hann ætlaði sér að efna það, enda lét hann ekki íslenzk stjórnvöld vita, hvernig ástátt var, þegar er honum var þess kostur.

Refsing ákærða þykir hæfilega metin 6 mánaða fangelsi. Samkvæmt lögjöfnun frá 76. gr. sbr. 4. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1940 svo og samkvæmt 76. gr. beinlínis ákveðst, að varðhaldsvist ákærða vegna máls þessa bæði erlendis og hér á landi komi í stað refsingar.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbrandur Einar Hlíðar, hefur unnið til 6 mánaða fangelsis, en varðhaldsvist hans vegna máls þessa bæði erlendis og hér á landi skal koma í stað refsingar.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Gústafs A. Sveinssonar og Einars Arnórssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. febrúar 1946.

Ár 1946, þriðjudaginn 12. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3654/1945: Réttvisin gegn Guðbrandi Einari Hlíðar.

Málið er höfðað gegn ákærða að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins fyrir brot gegn 10. kafla almennra hegningarlaga. Það var dómtekið 17. október s. l.

Ákærði er Guðbrandur Einar Hlíðar dýralæknir, til heimilis á Akureyri. Hann er fæddur á Akureyri 9. nóvember 1915. Hann hefur ekki fyrr sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Undanfarin ófriðarár var ákærði við dýralækninganám í Kaupmannahöfn. Fyrri hluta árs 1943 heimsótti hann þar þýzkur maður, að nafni Dr. Lotz. Dr. Lotz hafði dvalið hér á Íslandi, og fékkst hann nokkuð við rannsóknarstarfsemi, þar á meðal að því, er snertir dýralækningar og meðferð dýra, enda taldi hann sig vera fræðimann í dýralækningum. Hann varð nokkuð kunnugur á heimili foreldra ákærða á Akureyri, enda er faðir ákærða dýralæknir. Var það árið 1930—31, er Dr. Lotz hafði komið á heimili ákærða. Gerði hann sér það nú til erindis að heilsa upp á ákærða út af þessum fyrri kynnum. Sagði hann ákærða, að hann væri kominn í því

skyni að athuga möguleika á því, að útvega Íslendingum, er þar voru staddir, far heim til Íslands. Í því tilefni lét hann ákærða fylgja sér til ýmissa Íslendinga í Kaupmannahöfn og ræddi við hann um þá. Hélt doktorinn eftir þetta sambandi við ákærða, heimsótti hann iðulega, er hann var staddur í Kaupmannahöfn, skrifaði honum og endurtók oft heimboð til ákærða á bugarð, er hann kvaðst eiga í Pommern, Klein-Kiesow að nafni. Ákærði kveðst ávallt hafa færzt undan heimboðunum, borið við annriki, svo sem próflestri og því um líku.

Í janúar 1943 tók ákærði dýralæknispróf við dýralækninga-skólann í Kaupmannahöfn. Hugðist hann þá að fara heim til Íslands, enda var honum heitið dýralæknisembættinu á Akureyri. Sótti hann nú um fararleyfi til Íslands. Meðan hann var að biða eftir svari, kom Dr. Lotz til hans til Kaupmannahafnar og bauð honum enn heim á bugarð sinn og lagði nú svo fast að honum, að hann sá sér ekki annað fært en að taka boðinu. Segir ákærði, að Dr. Lotz hafi tekið það berum orðum fram, að hann fengi ekki fararleyfi úr Danmörku, nema því aðeins að hann færi með sér.

Síðasta daginn, sem ákærði dvaldi í heimboðinu að Klein-Kiesow, bar doktorinn upp erindi sín við hann. Í samtalinu kveðst ákærði hafa heitið Dr. Lotz því að aðstoða menn, eftir að hann væri kominn til Íslands, er til hans væru þangað sendir, og var ákveðið, að þeir gerðu grein fyrir sér með orðunum: „Kveðja frá St. Bernhardshundi Halldóri“. Hét ákærði því, að veita mönnum þessum aðstoð með því að útvega þeim smá áhöld, svo sem hitamæla og barometer og ef til vill brauð (matvæli). Þá segir ákærði, að doktorinn hafi farið fram á það við sig, að útvega skýrslur um hernaðarmálefni á Íslandi, þar sem greint væri frá oliugeymum, skipastóli bandamanna, skipalægi, loftvarnabyssustæðum, skriðdrekaörnum og föstum víggirðingum og öðrum atvöldum, er hernaðarþýðingu hefðu, og stakk upp á því, að ákærði notaði leyniskrift til þess að koma þessum upplýsingum til sín. Er hér var komið, segist ákærði hafa tekið af skarið og harðneitað því, enda þótt hann hafi þegar verið búinn að lofa að veita sendimönnum einhverja aðstoð, ef þeir leituðu til hans. Féll það tal síðan niður.

Ákærði hélt úr heimboðinu aftur til Kaupmannahafnar. Hann fékk ekki fararleyfi og skrifaði því Dr. Lotz. Doktorinn skrifaði honum aftur og bað hann um að finna í Kaupmannahöfn mann, er hann nefndi Franz. Fór ákærði og átti tal við hann. Franz kvaðst vera með fyrirmæli til hans um að senda skýrslur um hernaðarmálefni frá Íslandi, eins og Dr. Lotz hafði áður við hann rætt. Ákærði kveðst hafa svarað þessu þannig, að það hefði verið útrætt mál við Dr. Lotz, að hann gerði þetta ekki, en Franz ýtti undir hann og sagði, að þetta væri lítils háttar og þess konar. Segir ákærði, að það hafi orðið úr, að hann hafi gengið að þessu og látið Franz

kenna sér leyniskrift og að framkalla leyniskrift á bréfum. Gekk Franz síðan þannig frá, að ákærði skyldi senda væntanleg bréf sín frá Íslandi til ákveðins manns í Gautaborg, sem svo skyldi senda þau nafngreindum manni í Kaupmannahöfn, er síðan kæmi þeim til Dr. Lotz.

Ákærði hefur skýrt frá því, að það hafi strax verið altalað meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn, að Dr. Lotz væri njósnari. Hann kveðst sjálfur hafa fengið grun um þetta, en ekki fullvissu fyrr en í samtalinu í Klein-Kiesow. Hann heldur því fram, að hann hafi heitið Dr. Lotz þessum erindisrekstri einungis í þeim tilgangi að fá fararleyfi til Íslands, en hann taldi sér riða á að komast heim, eða að minnsta kosti að komast til hlutlauss lands, til þess að geta fengið veitingu fyrir dýralæknisembættinu, er honum hafði verið heitið strax, er hann kæmi á hlutlaust land. Hins vegar hefur hann haldið því fast fram, að það hafi aldrei verið ásetningur sinn að sinna þessum erindum, eftir að hann kæmi til Íslands. Hann kveðst hafa litið svo á, að hann væri þvingaður til þess að gera þetta. Fyrst hafi doktorinn leitað til sín undir yfirskini vináttu og síðan lagt sig í einelti, mjög gegn vilja sínum, komið heim til sín og marg endurtekið heimboðið. Kveður hann doktorinn hafa knúið sig til ferðarinnar til Klein-Kiesow með ógnandi framkomu. Fyrirmælum frá Franz kveðst hann hafa tekið við, til þess að fá fararleyfi til Svíþjóðar, því hann þóttist viss um, að það myndi hann ekki fá, nema að hann létist taka við þeim. Hann segist hins vegar hafa ætlað sér að stunda framhaldsnám í Svíþjóð, að minnsta kosti hálf ár, en það kveðst hann ekki hafa sagt Dr. Lotz. Kveðst hann með sjálfum sér hafa verið staðráðinn í því, að efna ekki heit sín um framkvæmdir samkvæmt þessum fyrirmælum, ef hann kæmist til Íslands. Segist hann á leiðinni yfir Eyrarsund til Svíþjóðar hafa hent í sjóinn efni nokkru, er Franz fékk honum og hann átti að nota til leyniskriftar.

Í júní 1944 fór ákærði yfir til Svíþjóðar og stundaði þar framhaldsnám í fræðigreini sinni. Hann sótti um fararleyfi til Íslands og lagði á stað flugleiðis yfir til Englands, en var þar stöðvaður 12. febrúar 1945. Var hann þar tekinn í hald af brezkum hernaðaryfirvöldum og haldið þar fram til 3. ágúst s. l., er hann var afhentur islenzkum stjórnarvöldum í þeim tilgangi, að mál hans yrði tekið fyrir hér á landi.

Frásögn sú, er hér hefur verið rakin, er eftir skýrslu ákærða sjálfs hér fyrir réttinum, með hliðsjón af skýrslum um hann frá Englandi, með því annarra gagna hefur ekki verið kostur í málinu. Verða skýrslur þessar stöð dómsins, enda hafa ekki komið gögn fram, er hnekki þeim eða geri þær tortryggilegar. Þess ber þó að geta, að fram eru komnir í málinu vitnisburðir um það frá mönnum, er sendir voru til Íslands til þess að njósna, að þeim hafi

verið boðið að leita til ákærða eftir fjárhagslegri aðstoð, ef á þyrfti að halda, og var þeim gefið kenniorð það, er áður greinir.

Með framangreindum loforðum sínum til leyniþjónustumannanna þýzku, dr. Lotz og Franz, verður að telja, að ákærði hafi ráðizt í þjónustu njósnarkerfis Þjóðverja, til aðstoðar við njósnarstarfsemi á Íslandi. Varðar það brot hans við 93. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Við ákvörðun refsingar verður að taka tillit til skýrslu ákærða um það, að honum hafi fundizt hann sýna Þjóðverjum þessa liðþægni fyrir eins konar þvingun, svo og þess, að hann hefur ávallt haldið fast við þá staðhæfingu sína, að hann hafi ekki ætlað sér að efna loforðin. Dvöl hans í Svíþjóð og eyðilegging leyniskriftargagnanna eða efnisins virðast og styrkja þenna framburð hans að ýmsu leyti, sem og það, að hann gaf engar skriflegar skuldbindingar um að efna loforðin. Þykir því rétt að ákvarða refsinguna með hliðsjón af 74. gr. 6. tl. hegningarlaganna, sbr. og 75. gr. sömu laga. Refsing hans þykir samkvæmt þessu hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Eins og áður var getið, var ákærði hafður í haldi hjá enskum hernaðaryfirvöldum frá því hann steig á land í Englandi 12. febrúar 1945 og unz hann var afhentur íslenskum yfirvöldum 3. ágúst s. l. Þá var hann settur í gæluvarðhald og sat í því fram til 14. ágúst. Með tilliti til þessarar löngu frelsisskerðingar þykir mega fella refsinguna niður, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga eftir orðanna hljóðan og analogice.

Ákærði skal samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Einars Arnórssonar, er þykja hæfilega ákveðin kr. 1000.00.

Málið hefur verið rekið vítalaut. Dráttur á dómsuppsögn stafar af margvislegum önnum dómars.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðbrandur Einar Hliðar, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Með tilliti til frelsisskerðingar ákærða undir meðferð málsins skal refsivist falla niður.

Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Hann greiði kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Einars Arnórssonar hrl., kr. 1000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.